ALSJÁLFVIRK SÍMAAFGREIÐSLA TIL ÚTLANDA TEKIN UPP ÞEGAR JARÐSTÖÐIN KEMUR Í GAGNIÐ

— sagði Halldór E. Sigurðsson við undirritun samninga í gær

HV-Reykjavík í gærdag voru undirritaðir samningar um byggingu og rekstur jarðstöðvar, til að annast fjarskipti Íslands við önnur lönd, milli Íslands og Mikla norræna ritsímafélagsins. Fyrir Íslands hönd undirritaði samninginn Halldór E. Sigurðsson, samgöngumálaráðherra og að undirritun aflokinni flutti ráðherrann stutt ávarp, svohljóðandi:

Hér hefur nú verið lokið undirritun samnings milli Íslands og Mikla norræna ritsímafélagsins um að reisa og reka á Íslandi jarðstöð er annist fjarskiptasamband um gervihnött milli Íslands og annarra landa.

Að mínu mati er hér um merkan atburð að ræða og tel ég því viðeigandi að rifja upp aðdraganda þessa samnings, og nokkur helztu atriði hans.

Eins og skýrt var frá í fréttatilkynningu samgönguráðuneytisins hinn 4. júní sl., skipaði ráðuneytið þann dag nefnd til að taka upp viðræður við Mikla norræna ritsímafélagið um fjarskiptasambands milli Íslands og annarra landa.

Orsök þess að nauðsynlegt var að hefja þessar viðræður við félagið var sú, að það hafði haldið uppi sæsímasambandi milli Íslands og umheimsins, ritsímasambandi frá árinu 1906 og talsíma að auki síðan í janúar 1962, og hafði samningsbundinn einkarétt til að annast þau mál til ársloka 1985.

Í upphafi viðræðnanna við Mikla norræna ritsímafélagið 1.-7. júlí í Kaupmannahöfn var félaginu gerð grein fyrir þeirri ákvörðun íslenzkra stjórnvalda að koma sem fyrst á sambandi við umheiminn um jarðstöð og gervihnött. Í því sambandi var kannað, hvort félagið gæti fallizt á styttingu samningstímans, og var því eindregið hafnað af fulltrúum félagsins, sem vildu þess í stað leggja viðbótarsæstreng er annað gæti aukinni fjarskipaþörf Íslands og töldu þeir þannig samningsskyldum félagsins fullnægt.

Í viðræðum í Reykjavík 7.-10. september f.á. urðu aðilar sammála um að byggja jarðstöð á Íslandi sameiginlega og yrði hlutdeild félagsins í sameigninni álika upphæð (10 millj. d.kr.) og félagið hefði ætlað til viðbótarsæstrengs milli Íslands og Færeyja.

Viðræðunefndir aðila gengu síðan endanlega frá drögum að nýjum samningi á fundinum í Kaupmannahöfn 25.-29. október f.á., sem síðan voru lögð fyrir ríkisstjórn Íslands og stjórn félagsins. Bæði ríkisstjórn Íslands og stjórn félagsins hafa síðan fallizt á samningsdrögin og heimilað samningsgerð samkvæmt þeim.

Í hinum nýja samningi verður að telja eftirgreind atriði veigamest:

1. Ríkisstjórnin og félagið reisa og reka í samvinnu jarðstöð á Íslandi, sem er að meirihluta eign Íslands og er stefnt að því að slíkt samband komist á í ársbyrjun 1979, jafnframt verða núverandi sæstrengir til Evrópu og Ameríku nýttir í þágu fjarskipta við Ísland til ársloka 1985.
2. Eignarhluti félagsins verður 10 millj. d.kr., sem er áætlað að nemi 37.5% af heildarkostnaði. Tekjum er skipt þannig, að félagið mun hafa eðlilega nýtingu sæstrengjanna til 1985, og getur afskrifað á eðlilegum tíma framlag sitt til stöðvarinnar. Hins vegar er tekjuhluti félagsins bundinn við ákveðið mark, og það sem ofan við það mark er, rennur til Íslands óskipt.
3. Eignaraðild félagsins er miðuð við afskriftartíma stöðvarinnar eða 13 ár, eða til ársloka 1991 og verður stöðin þá að fullu eign Íslands án nokkurrar greiðslu til félagsins. Eftir árslok 1985 hefur ríkisstjórnin hins vegar innlausnarrétt á hluta félagsins í jarðstöðinni.
4. Sjónvarps- og dagskrárrásir verða að öllu leyti á vegum Íslands. Sjónvarpinu gefst nú kostur á að fá fréttamyndir frá útlöndum samdægurs.
5. Til ársloka 1985 eru gjaldskrár samningsmál beggja eignaraðila, en eftir það er ákvörðunin í slíkum málum alfarið í höndum Íslendinga.
6. Við opnun jarðstöðvarinnar er gert ráð fyrir að teknar verði í notkun 24 talrásir til Evrópu, en áætlað er að heildarrásafjöldinn verði kominn upp í 148 árið 1986.



Samningarnir undirritaðir í gær. Halldór E. Sigurðsson, samgöngumálaráðherra undirritar fyrir hönd Íslands, Poul Lausen fyrir hönd Mikla norræna ritsímafélagsins. Einnig undirritaði PEV Jörgensen, varaforstjóri Mikla norræna samningana, en Lausen er aðalforstjóri þess. Standandi á myndinni er Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri. Tímamynd Guðjón

Gervihnattarfjarskipti á vegum INTELSAT eru ákaflega örugg, eða svo mjög, að öryggisstuðullinn er talinn 99.99%, enda eru vara gervihnettir hafðir tiltækir í biðstöðu á lofti svo aðeins þarf að ræsa þá, ef með þarf.

Þegar jarðstöðin tekur til starfa fjölgar línum til útlanda og verður þá tekin upp alsjálfvirk símaafgreiðsla.

Óvíst er, að símataxtar til útlanda verði lækkaðir meðan línur um jarðstöðina eru fáar og auk þess er gengi ísl. kr. fljótandi og hefur sigið að undanförnu.


Tvennt er að mínu mati sérlegt gleðiefni í sambandi við þessa samninga, sem nú hafa verið gerðir:

1. Fjarskiptasamband kemst á við umheiminn með beztu tækni og fyllsta öryggi sem nútíminn hefur yfir að ráða.
2. Síðasti hluti samstarfs Íslands og Mikla norræna ritsímafélagsins verður með þeim hætti að báðum er til sóma, þar sem samningur þessi er byggður á skilningi beggja og velvilja viðsemjenda okkar.

Ég lýk því máli mínu með því að þakka samninganefndarmönnum okkar og félagsins fyrir vel unnin störf.

Fyrsta landsmót ísl. barnakóra

Tónmenntafélag Íslands efnir til fyrsta landsmóts íslenzkra barnakóra dagana 19.-20. marz n.k. Mótið fer fram í Reykjavík og munu ellefu kórar með um 360 nemendum víðs vegar að af landinu taka þátt í því. Tilhögun mótsins verður í aðalatriðum á þá leið að laugardaginn 19. marz munu kórarnir hittast til æfinga eftir hádegi í Háskólabíói, en um kvöldið verður kvöldvaka í Vogaskóla. Á sunnudaginn verða svo opinberir tónleikar í Háskólabíói og hefjast þeir kl. 13.00 Tónleikarnir verða hljóðritaðir í Háskólabíói og verður síðan útvarpað. Kórarnir koma fram hver í sínu lagi og einnig sameiginlega og frumflytja m.a. nýtt lag eftir Jón Ásgeirsson tónskáld, sem hann samdi sérstaklega af þessu tilefni við kvæði Tómasar Guðmundssonar „Garðljóð". Í fréttatilkynningu sem stjórn tónmenntafélagsins hefur sent frá sér segir — Markmiðið með mótinu er að efla tónmennt í skólum landsins og örva kórsöng sérstaklega. Kórstarfsemi á við erfitt uppdráttar Ekki er gert ráð fyrir kórsöng í stundaskrá grunnskóla og starfsemin því háð velvild og skilningi skólayfirvalda á hverjum stað, semsum hver hafa lítið svigrúm. Þrátt fyrir þessa erfiðleika hefur áhugi á kórsöng vaxið mjög á síðustu árum. Það er því eitt af baráttumálum Tónmenntakennarafélagsins að kórstarfinu verði afmarkaður starfsgrundvöllur með ákvæðum um lágmarks kórtímafjölda í stundaskrá grunnskóla. Það er von þeirra sem að landsmótinu standa, að það gefi góða mynd af þætti kórsöngs í skólastarfinu og auki skilning á nauðsyn þess að tilveruréttur skólakóra verði viðurkenndur í reynd.



Baltasar, í bakgrunni nokkrar teikninga hans — Tímamynd Gunnar.

Baltasar sýnir á Kjarvalsstöðum

Spánskir dansar verða ívaf á sýningunni

SJ-Reykjavík — Í dag hefst að Kjarvalsstöðum sýning á málverkum og teikningum eftir Baltasar. Baltasar er kunnur myndlistarmaður og hefur m.a. unnið að kirkjuskreytingum og teiknað í Morgunblaðið.

50 olíumálverk eru á sýningunni frá árunum 1975-77 og auk þess 40 teikningar gerðar á árunum 1965-66 af öllum ábúendum Grímsnesshrepps og eru þær eign Guðna Jóns Guðbjartssonar. Olíumálverkin eru til sölu og kosta 150-350 þúsund kr. Eitt stórt málverk Návistin (Djákninn á Myrká) kostar þó 600 þús.

Sýning Baltasars lýkur 3. apríl.

Meðan sýningin stendur verða sex sinnum sýndir spánskir dansar frá 1450-1650 að Kjarvalsstöðum. Dansarar eru Guðbjörg Björgvinsdóttir, Ingibjörg Björnsdóttir, sem hefur umsjón með sýningunni, Oddrún Þorbjörnsdóttir, Björn Sveinsson, Ólafur Ólafsson og Örn Guðmundsson. Hljóðfæraleikararnir Helga Ingólfsdóttir leika á sembal og Mireya Baltasarsdóttir á tambúrin og Þórir Hrafnsson á blokkflautu. Danssýningarnar verða 20. marz kl. 5, 24. marz kl. 9 26. marz kl. 5 31. marz kl. 9 2 apríl kl. 5 og 3 apríl kl. 5.